

Landssamband hestamannafélaga (LH).

Hestaferðir / Kortasjá.

Samgöngunefnd LH vinnur að skráningu reiðleiða í kortasjá, skráningin er unnin í samstarfi við Loftmyndir ehf. Einungis þær reiðleiðir sem eru á staðfestu aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags eru settar í kortasjána. Reiðleiðirnar skiptast í þrjá flokka, þéttbýlis-, stofn- og héraðsleiðir. Allar reiðleiðir í kortasjónni fá ákveðin númer og kaflanúmer, númerakerfið er unnið í samstarfi við Vegagerðina.

Búið er að skrá 9335 km. af reiðleiðum í kortasjána á svæðinu frá Lómagnúpi í austri, um Suðurland, Vesturland og Norðurland að Skjálfandafljóti. Á Vesturlandi er þó eftir að skrá reiðleiðir í Dalabyggð, Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Gert er ráð fyrir að skráningu reiðleiða verði að mestu lokið á árinu 2016.

Kortasjain er til mikilla hagsbóta og öryggis fyrir skipulag hestaferða, hægt er að hlaða niður GPS ferlum af hverri reiðleið fyrir sig. Einnig kemur fram heiti hverrar reiðleiðar og lengd í km. Það að geta hlaðið niður ferlum af reiðleiðinni stuðlar að miklu öryggi hestaferðamanna sem og gangandi manna sem einnig geta nýtt sér reiðleiðirnar. Skráning og kortlagning reiðleiða og gott aðgengi að þeim upplýsingum stuðlar að því að beina umferð hestamanna inn á samþykktar reiðleiðir og vernda þar með viðkvæm svæði á landinu.

Markmið með kortasjónni er að safna öllum reiðleiðum á landinu í einn kortagrunn sem er öllum aðgengilegur.

Bein leið á kortasjána er: <http://www.loftmyndir.is/k/kortasja.asp?client=hestar> en einnig er hægt að fara á heimasíðu LH <http://lhhestar.is> þar til hægri er gluggi merktur Kortasjá, einnig eru tengingar frá heimasíðum flestra hestamannafélaga í landinu.

Samgöngunefnd LH hefur fengið samþykktar á þingi LH umgengnisreglur fyrir hestamenn á ferðum þeirra um landið. Það eru tilmæli LH til allra hestaferðamenn að virða þær reglur.